

## Hefurðu áhuga á að virkja lækinn þinn?

### Smávirkjanasjóður SSNV

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fyrstu skrefin í rannsóknum á mögulegum rennslisvirkjunum á Norðurlandi vestra sem eru undir 10 MW að stærð. Miðað er við fyrirbyggjandi yfirlit á mögulegum rennslisvirkjunum sem upp eru taldir í skýrslu Mannvits 2018: *Frumúttekt á smávirkjanakostum á Norðurlandi vestra*. Þó er heimilt að bæta við fleiri virkjunarkostum með samþykki SSNV.

Sjóðurinn veitir styrki til annars vegar: **Skref 1: Frummat smávirkjana** og hins vegar: **Skref 2: Mat á virkjanlegu rennsli, frummati hönnunar og byggingarkostnaðar**.

Öll gögn varðandi umsóknarferlið og skýrsla Mannvits er að finna á heimasíðu SSNV: [www.ssnv.is](http://www.ssnv.is)

Að þessu sinni er auglýst eftir umsóknum í **Skref 1: Frummat smávirkjana**. Umsóknarfrestur er til og með 5. nóvember 2018. Verkefninu verður lokið fyrir 31. maí 2019. Hámarksfjöldi verkefna sem styrkt verða er 8.

Auglýst verður eftir umsóknum í **Skref 2** í júní 2019.

Samið hefur verið við Verkfræðistofuna Mannvit um úttekt á þeim virkjunarkostum sem styrktir verða og sér SSNV um sammingsgerð við fyrirtækið.

Mótframlag umsækjanda er 100.000 kr. en SSNV greiðir annan kostnað við úttektina.

Umsóknir skulu sendar á netfangið: [ssnv@ssnv.is](mailto:ssnv@ssnv.is).

Nánari upplýsingar veitir Ingibergur Guðmundsson, [ingibergur@ssnv.is](mailto:ingibergur@ssnv.is), s. 892 3080.